

Kennsluáætlun hausönn 2019

Danska 7. bekkur

Í dönsku í 7.bekk eru 2 kennslustundir á viku. Kennari er Elsa Sigrún Elísdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í dönsku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í mál, lestri, ritun og hlustun. M.a.verður notast við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Staða í námi er metin út frá verkefnum nemenda auk stuttum könnunum jafnt og þétt yfir önnina.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Start lesbók og vinnubók.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Start	Lesbók og vinnubók Ýmis verkefni tekin af netinu eða úr öðrum verkefnabókum.	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none">Sýnt fram á þekkingu á dönskum hefðum og siðum og landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.	Vinna í vinnubók. Í lok annar hafi nemandi kynnst nýju mál, geti sagt frá sér og áhugamálum sínum
Ritun		Nemandi getur:	Söfnum öllum verkefnum í möppu.

		<ul style="list-style-type: none"> • skrifað stuttan texta um efni sem hann hefur þekkingu á 	
Málfræði	Ýmis verkefni af neti. Grammatik	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • gert mun á nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum • notað en og et á réttum stöðum 	
Talað mál og framsögn		Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • nýtt sér ítarefni, efni úr fjöldum, orðabækur, veforðasöfn, tungumálaforrit og leitarforrit. • tileinkað sér réttar áherslur og framburð. • Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. • Talað og skilið daglegt mál um málefni tengdum orðaforða í kennsluefni og haldið uppi einföldum samræðum 	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum á dönsku og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvívar í veturnar, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir